

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs, greiði stefnanda, Sighvati Blöndahl, kr. 96576.67 með 6% ársvöxtum frá 8. desember 1944 til greiðsludags og kr. 11000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 17. maí 1950.

Nr. 105/1948. **Fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs**

(Sigurður E. Ólason)

gegn

Brynjólfí Brynjólfssyni og dánarbúi Bjarna

Brynjólfssonar (Sveinbjörn Jónsson).

Fébótamál samkvæmt lögum nr. 99/1943.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. ágúst 1948, að fengnu áfrýjunarleyfi 16. s. m. Krefst hann þess, að fjárhæð sú, sem dæmd var í héraði, verði lækkuð og vextir af henni dæmdir frá síðara tímamarki en í héraðsdómi greinir. Svo krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti af áfrýjanda eftir mati dómsins.

Ekki er í ljós leitt, að úttekt, er stefndu væri veittur kostur á að vera við, hafi farið fram á eignum þeirra í Engey, er herstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku tók við þeim úr höndum herstjórnar Breta. Sönnur hafa ekki heldur verið leiddar á annan hátt að spjöllum herliðs Breta á eignunum. Að svo vöxnu máli verður að telja áfrýjanda skyldan til greiðslu fullra bóta á tjóni stefndu. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta hann og dæma áfrýjanda til að greiða stefndu kr. 1500.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefndu, Brynjólfi Brynjólfssyni og dánarbúi Bjarna Brynjólfssonar, kr. 1500.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. apríl 1948.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. þ. m., hefur Brynjólfur bóndi í Engey Brynjólfsson fyrir sína hönd og erfingja Bjarna Brynjólfssonar frá Engey höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 17. janúar 1946 gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 12000.00 auk 6% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Í framhaldsstefnu útgefinni 5. október 1946 krafðist stefnandi enn fremur úr hendi stefnda bóta að fjárhæð aðallega kr. 34450.00, til vara kr. 20000.00, en til þrautavara kr. 14000.00. Við dómtöku málsins lækkaði stefnandi kröfur sínar í framhaldssök í kr. 4666.66, en áskildi sér jafnframt rétt til heimtu mismunarins, kr. 29783.34, úr hendi Sighvats Blöndahls, eiganda Engeyjar I, en með dómi bæjarþingsins 22. f. m. í málinu nr. 609/1944 var stefndi dæmdur til að greiða nefndum Sighvati þessa fjárhæð. Jafnframt krefjast stefnendur 6% ársvaxta frá stefnudegi svo og málskostnaðar í framhaldssök.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu og málskostnaðar í báðum sökum, en til vara sýknu í framhaldssök samhliða lækkun á dómkröfum stefnanda í frumsök og að málskostnaður falli þá niður.

Málavextir eru þessir:

Af hálfu stefnenda er svo frá skýrt, að í maímánuði 1941 hafi setulið Bandaríkja Norður-Ameríku sett að í Engey í Seltjarnarneshreppi, en stefnendur áttu $\frac{1}{2}$ hluta hennar (Engey II), og reist á landi þeirra 20 hermannaskála. Þá hafi verið tekið grjót úr sjávarkampi suðaustan við lendingarvör eyjarinnar og notað til þess að hlaða bryggju í vörina. Bryggjan hafi síðan laskazt svo mjög, að grjót úr henni hafi borizt um vörina og gert lendingu þar svo hættulega, að varla sé vörin nothæf, en lækkun kampsins hafi haft í för með sér skemmdir á landi af sjávangangi og grjótruðningi, er honum fylgdi. Er setuliðið rýmdi eyna, hinn 15. janúar 1945 að sögn stefnenda, hugðu landeigendur til skaðabóta, og hinn 5. apríl sama ár lét eigandi Engeyjar I dómkveðja menn til skoðunar og mats spjalla á eignum sínum, og hafa stefnendur máls þessa stuðzt við matsgerðir manna þessara í kröfugerð sinni. Meðal annars var kostnaður af að hreinsa grunnstæði hvers hermannaskála metinn kr. 600.00, og reisa stefnendur á því kröfu sína í frumsök. Mat sitt á bótum vegna lendingar og sjávarkamps miðuðu matsmenn við það, að bryggjan

yrði flutt burt, en grjótið úr henni notað til að hlaða garð til varnar vör og landi, og töldu þeir kostnað sem hér segir:

1. Flutningur bryggju og hreinsun varar	kr. 14000.00
2. Hleðsla bryggjugrjóts í garð	— 6000.00
3. Annað hleðsluefni og hleðsla þess	— 30000.00

Samtals kr. 50000.00

Jafnframt litu matsmenn svo á, að bætur þessar bæri að lækka í kr. 34450.00 vegna þess, að sú landvörn, sem hinn nýi garður veitti, yrði verðmeiri og traustari en varnir þær, sem áður voru fyrir hendi. Enn fremur töldu matsmenn samkvæmt upplýsingum, sem þeim bárust, að bætur til eiganda Engeyjar I samkvæmt 1. tölulíðnum ættu að lækka um kr. 4666.66, þar eð hann ætti aðeins $\frac{2}{3}$ hluta eyjarinnar. Er af þessu ljóst, við hver rök stefnendur styðja kröfugerð sína í framhaldssök, en þeir telja vörina alla og land að henni fylgja sínum eignarhluta, þ. e. Engey II.

Stefndi byggir aðalkröfu sína á því, að herlið Bretá, sem sat í eyinni frá því í maí 1940 til jafnlengdar 1941, hafi valdið öllum spjöllum þeim, er þar voru unnin, og séu því eigi fyrir hendi skilyrði til greiðslu bóta úr ríkissjóði. Gegn eindregnum mótmælum stefnenda hefur stefndi eigi fært sönnur á þessa staðhæfingu sína. Í málinu er upp komið, að leigusamningur var gerður með stefnendum og setuliði Bandaríkjanna, en af hálfu stefnda hefur verið viðurkennd skylda hans til að bæta tjón það, sem orðið hefur í leigutíð herstjórnar Bandaríkjanna. Því er ómótmælt haldið fram í málinu, að stefnendur áttu þess ekki kost að láta fara fram úttekt eða skoðun, þegar brezkka setuliðið yfirgaf eyna og Bandaríkjamenn tóku að sér vörzlu hennar. Eins og á stóð, þykir stefndi því verða að bera halla af sönnunarbresti um þá staðhæfingu sína, að tjónið hafi orðið vegna aðgerða brezkka setuliðsins. Verður stefndi því talinn bótaskyldur gagnvart stefnendum og sýknukrafa hans því eigi til greina tekin.

Varakröfu sína styður stefndi þeim rökum, að matsgerðin sé á röngum grundvelli byggð og kostnaður of hátt metinn. Að því er frumsök varðar, hefur stefndi að svo stöddu fallið frá að véfengja skýrslu stefnenda um tölu og ástand grunnstaðanna, en talið kostnað óhæfilega hátt metinn við hreinsun þeirra. Mótmæli hans þykja eigi svo sterkum rökum studd, að unnt sé að taka þau til greina, og verða bætur því miðaðar við matsgerðina, sem á engan hátt hefur verið hnekkkt, og krafa stefnenda í frumsök því til greina tekin.

Að því er framhaldssök varðar, hefur stefndi haldið því fram, að fjarri lagi sé það álit matsmanna að taka beri burtu bryggjuna, því að hana telur stefndi vera til mikilla lendingarbóta og eigi sæma að rífa slíkt mannvirki. Matsgerðinni hefur eigi verið áfrýjað til yfirmats og á engan hátt verið hnekkkt. Þykir því verða að leggja til grundvallar það álit matsmanna, að bryggjan sé ónýtt orðin og valdi hún beint og óbeint vandkvæðum á lendingu í vörinni, svo og það, að hagkvæmast sé til bóta vör

og landi, að bryggjan sé rifin. Samkvæmt þessu ber að taka til greina óbreytta kröfu stefnenda í framhaldssök.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnendum kr. 16666.66 með vöxtum, eins og krafizt var, svo og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 1700.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnendum, Brynjólfi Brynjólfssyni og erfingjum Bjarna Brynjólfssonar, kr. 16666.66 með 6% ársvöxtum af kr. 12000.00 frá 17. janúar 1946 til 5. október 1946 og af kr. 16666.66 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 1700.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 17. maí 1950.

Nr. 31/1949. **Útgerðarfélag Sauðárkróks** (Theodór B. Línal)
gegn

Magnúsi Guðmundssyni (Ragnar Ólafsson).

Krafizt greiðslu á eftirstöðvum kauptryggingar og orlofseyris háseta.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóminn hafa kveðið upp Sigurður Sigurðsson, bæjarfógeti á Sauðárkróki, og samdómsmennirnir Ásgrímur Einarsson skipstjóri og Sveinn Sölvason formaður.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. janúar 1949, gerir þær dómkröfur, að dæmd fjárhæð verði lækkuð í kr. 1030.38 ásamt 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags. Svo krefst hann þess, að málskostnaður í héraði verði felldur niður, en að honum verði dæmdur málskostnaður í Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar í Hæstarétti eftir mati dómsins.